

**RCADS listinn**  
***(Revised Children's Anxiety and Depression Scale)***

**Handbók**

Útgefandi: Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins

Guðríður Þóra Gísladóttir  
Sigríður Snorradóttir  
Dr. Dagmar Kristín Hannesdóttir  
Dr. Guðmundur Skarphéðinsson  
Alda Ingibergsdóttir  
Dr. Urður Njarðvík  
*Janúar 2019*

Frekari upplýsingar og gögn eru aðgengileg á heimasíðu UCLA Child First  
[www.childfirst.ucla.edu](http://www.childfirst.ucla.edu)

## **RCADS listinn**

RCADS er 47 atriða sjálfsmatslisti sem ætlaður er til að meta kvíða og depurðareinkenni barna á aldrinum 8 til 18 ára. RCADS var saminn árið 2000 af Chorpita, Yim, Moffitt, Umemoto og Francis og er byggður á kvíðakvarða S. H. Spence (*Spence Children's Anxiety Scale*; SCAS) (Chorpita o.fl., 2000) auk þess sem var stuðst var við DSM greiningarkerfið. Auk Heildarkvarða eru undirkvarðar listans sex, Félagskvíði, Ofsakvíðaröskun, Þunglyndi, Aðskilnaðarkvíði, Almenn kvíðaröskun og Árattu/þráhyggjuröskun. Einnig er hægt að reikna heildar kvíðakvarða sem er samtala þeirra 5 undirkvarða sem mæla mismunandi kvíðaraskanir. Atriðum listans er svarað á 4 punkta Likert kvarða frá 0 (*aldrei*) til 3 (*alltaf*). RCADS er til í samsvarandi útgáfu fyrir foreldra þar sem einkenni kvíða og þunglyndis eru metin af foreldrum barns (RCADS-P) (Weiss og Chorpita, 2011)

Flestir sjálfsmatskvarðar sem ætlaðir eru börnum og unglíngum eru byggðir á samsvarandi fullorðinsútgáfum. Þetta á ekki við um RCADS þar sem hann er saminn með börn og unglínga í huga. Orðalag spurninga og efnistöð eru ákvörðuð með hliðsjón af aldri, þroska og birtingarmynd þessara raskana hjá ungmönnum (Campell, Rapee og Spence, 2000). Frá því að listinn kom fyrst út á ensku árið 2000 hefur hann verið þýddur á þrettán tungumál auk íslensku.

## **Rannsóknir á upprunalegri útgáfu**

Próffræðilegir eiginleikar upprunalegrar útgáfu RCADS hafa bæði verið skoðaðir í almennu úrtaki (Chorpita o.fl., 2000; de Ross og Gullon, 2002) og klínísku úrtaki (Chorpita, Moffitt og Gray, 2005). Á heildina litið gefa þær rannsóknir sem gerðar hafa verið á upprunalegri útgáfu listans til kynna að RCADS sé mjög gagnlegur við greiningu, sé næmur á breytingar á einkennum kvíða og þunglyndis frá einum tíma til annars, og greini vel á milli einkenna tilfinningaraskana og annarra raskana (Weiss og Chorpita, 2011; Mathyssek o.fl., 2013). Helsti veikleiki RCADS og annarra sambærilegra matslista varðar aðgreiningarréttmæti, en rannsóknir benda til þess að erfitt sé að greina nægjanlega vel á milli kvíða og þunglyndis (Chorpita o.fl., 2000; De Ross, 2002; Chorpita o.fl., 2005; Muris, Meersters og Schouten, 2002; Sandin, Chorot, Veliente og Chorpita, 2010). Í þessu sambandi verður þó ekki litið framhjá þeim mikla samslætti sem er á milli kvíða- og lyndisraskana (Southam-Gerow og Chorpita, 2007; Connolly, Eberhart, Hammen og Brennan, 2010; Garber og Weersing, 2010) og því talið að samsláttinn megi m.a. rekja til sameiginlegra undirliggjandi þátta frekar en ónákvæmra mælitækja (Starr og Davila, 2012).

## **Rannsóknir á íslenskri útgáfu**

Árið 2013 var sjálfsmatslisti RCADS þýddur yfir á íslensku og próffræðilegir eiginleikar metnir. Fjórar sjálfstæðar þýðingar sálfræðinga voru bornar saman og úr þeim unnin ein sameiginleg þýðing. Lokaútgáfan var borin undir fimmta aðila sem kom með

athugasemdir og tillögur um breytingar<sup>1</sup>. Listinn var lagður fyrir 462 börn á aldrinum 8-15 ára og sýndu niðurstöður að áreiðanleiki heildarkvarða væri góður og að áreiðanleiki undirkvarða væri viðunandi (Guðríður Þóra Gísladóttir o.fl., 2014).

Árið 2018 var viðmiðum safnað fyrir listann í fullri lengd, bæði barna og foreldraútgáfu. Beiðni var send til flestra grunnskóla á landinu um rannsóknina en 28 grunnskólar og þrjú framhaldsskólar samþykktu að senda út vefkönnunina á netföng foreldra. Börn og unglingar í 3. til 10. bekk grunnskóla um allt land, og nokkurra framhaldsskóla (16-18 ára) voru því beðin um að svara RCADS listanum í gegnum netkönnun ásamt því að foreldrar voru beðin um að svara foreldraútgáfu listans. Þátttakendur urðu að lokum 509 börn/unglingar og 714 foreldra og eru eftirfarandi viðmið byggð á þeim svörum. <sup>1</sup>

### **Höfundaréttur/leyfi**

RCADS listann er heimilt að nota gjaldfrjálst en Chorpita og Spence eiga öll réttindi að listanum sem og þýðingum hans. Upprunalega útgáfu RCADS, auk fjölda þýðinga hans er hægt að nálgast á vefsvæði Dr. Chorpita hjá UCLA ([www.childfirst.ucla.edu/resources.html](http://www.childfirst.ucla.edu/resources.html)). Þar er einnig að finna fjölda rannsókna sem gerðar hafa verið á hinum ýmsu útgáfum listans. Íslensk þýðing RCADS er gefin út með leyfi höfunda.

### **Útreikningar**

Á heimasíðu Dr. Chorpita er að finna innsláttarskjal með íslenskum viðmiðum þar sem reiknuð eru T-gildi undirkvarða og heildarkvarðanna tveggja ([www.childfirst.ucla.edu/resources.html](http://www.childfirst.ucla.edu/resources.html)). Íslensku viðmiðin eru kynjaskipt og skiptast í tvo aldurshópa, 8-12 ára (3. - 7. bekkur) og 13-17 ára (8. bekkur til 2. ár í menntaskóla). Leiðbeiningar um hvernig á að nota innsláttarskjalið er einnig að finna í handbókinni á heimasíðunni.

Þegar reikna á út niðurstöður listans handvirkt þá fá svarmöguleikar gildin 0-3 þar sem: Aldrei = 0, Stundum = 1, Oft = 2 og Alltaf = 3. Við útreikning á hverjum undirkvarða eru stig þeirra spurninga sem honum tilheyra lögð saman. Í töflu að neðan má sjá hvaða atriði tilheyra hverjum undirkvarða. Nákvæmar upplýsingar um hvernig skal meðhöndla brottfallsgildi þegar reiknað er út handvirkt er að finna í bandarísku handbókinni á fyrrnefndri síðu. Almenna viðmiðið er að reikna ekki út heildartölu undirkvarða ef fleiri en tvö svör vantar.

---

<sup>1</sup> Sálfræðingar sem komu að þýðingarferlinu voru Erla Margrét Hermannsdóttir, Dagmar Kr. Hannesdóttir, Guðríður Þóra Gísladóttir, Gyða Haraldsdóttir, Katrín Sif Þór, Sigríður Snorradóttir og Urður Njarðvík.

1.tafla. Atriði á þáttum RCADS listans.

Kvarði	Atriði
Félagskvíði	4, 7, 8, 12, 20, 30, 32, 38, 43
Ofsakvíði	3, 14, 24, 26, 28, 34, 36, 39, 41
Punglyndi	2, 6, 11, 15, 19, 21, 25, 29, 40, 47
Aðskilnaðarkvíði	5, 9, 17, 18, 33, 45, 46
Almenn kvíðaröskun	1, 13, 22, 27, 35, 37
Áráttu-þráhyggjuröskun	10, 16, 23, 31, 42, 44

2.tafla. Meðaltöl og staðalfrávik fyrir heildartölu RCADS og alla kvarða sjálfsmats.

	Alls N=509		Stúlkur 3.-7.bekkur N=155		Stúlkur 8.-12. bekkur N=102		Drengir 3.-7. bekkur N=161		Drengir 8.-12.bekkur N=89	
	M	Sf	M	Sf	M	Sf	M	Sf	M	Sf
Heildartala	31,73	21,00	30,26	17,39	47,34	25,82	26,58	17,38	25,94	17,97
Félagskvíði	7,64	5,56	7,05	4,86	12,05	6,39	6,00	4,49	6,58	4,84
Ofsakvíði	7,56	5,54	7,02	4,85	12,05	6,39	5,93	4,51	6,34	4,58
Depurð	6,16	4,76	5,05	3,51	9,07	6,23	5,61	3,91	5,70	4,75
Aðskilnaðarkvíði	3,15	3,15	3,99	3,39	3,53	3,25	3,05	3,07	1,43	1,84
Almenn kvíðaröskun	4,42	3,27	4,48	2,92	6,38	3,83	3,76	2,94	3,28	2,76
Áráttu-þráhyggja	2,90	2,84	2,68	2,52	4,52	3,50	2,23	2,23	2,62	2,83

**Tafla 3. Meðaltöl og staðalfrávik fyrir heildartölu RCADS og alla kvarða foreldramats**

	Alls N=714		Stúlkur 3.-7.bekkur N=235		Stúlkur 8.-12.bekkur N=118		Drengir 3.-7.bekkur N=248		Drengir 8.-12.bekkur N=112	
	M	Sf	M	Sf	M	Sf	M	Sf	M	Sf
<b>Heildartala</b>	25,39	18,26	27,11	17,46	29,21	22,83	24,59	17,66	19,66	14,12
<b>Félagskvíði</b>	7,76	5,15	8,20	5,26	9,72	5,71	6,92	4,68	6,62	4,65
<b>Ofsakvíði</b>	3,34	3,51	3,67	3,42	4,30	4,95	3,09	3,05	2,23	2,28
<b>Depurð</b>	5,32	4,56	4,97	4,29	6,03	5,27	5,43	4,55	5,11	4,32
<b>Aðskilnaðar kvíði</b>	3,46	3,44	4,21	3,38	3,14	3,55	3,75	3,65	1,57	1,96
<b>Almenn kvíðaröskun</b>	3,95	3,09	4,46	3,04	4,02	3,39	3,89	3,11	2,95	2,54
<b>Áráttapráhyggja</b>	1,55	2,11	1,60	1,95	1,94	2,81	1,48	2,00	1,19	1,73

**4.tafla. Mátstuðlar staðfestandi þáttgreiningar fyrir heildarlista RCADS**

	$\chi^2$	CFI	TLI	RMSEA	RMSEA 90% CI
Foreldramat löng útgáfa	5168.698***	.871	.863	.076	.073-.078
Sjálfsmat löng útgáfa	3443.327***	.881	.874	.068	.066-.071

Note: CFI = comparative fit index (good fit > .95; acceptable > .90); TLI = Tucker-Lewis Index (good fit > .95; acceptable > .90). RMSEA = root mean-square error of approximation (good fit < .05; acceptable < .08)

## Heimildaskrá

- Campell, M.A., Rapee, R.M., Spence, S.H. (2000). Developmental changes in the interpretation of rating format on a questionnaire measure of worry. *Clinical Psychologist*, 5(2), 49-59.
- Connolly, N.P., Eberhart, N.K., Hammen og C.L., Brennan, P.A. (2010). Specificity of stress generation: A comparison of adolescents with depressive, anxiety, and comorbid diagnoses. *International Journal of Cognitive Therapy*, 3(1), 368-379.
- Chorpita, B.F., Yim, L., Moffitt, C., Umemoto, L.A. og Francis, S.E. (2000). Assessment of symptoms of DSM-IV anxiety and depression in children: A revised anxiety and depression scale. *Behaviour Research and Therapy*, 38, 835-855.
- Chorpita, B.F., Moffitt, C.E. og Gray, J. (2005). Psychometric properties of the Revised Child Anxiety and Depression Scale in a clinical sample. *Behaviour Research and Therapy*, 43, 309-322.
- de Ross, L.R., Gullone, E. og Chorpita, B.F. (2002). The Revised Anxiety and Depression Scale: A psychometric investigation with Australian youth. *Behaviour Change*, 19(2), 90-101.
- Garber, J. og Weersing, R.V. (2010). Comorbidity of anxiety and depression in youth: Implications for treatment and prevention. *Clinical Psychology*, 17(4), 293-306.
- Guðríður Þóra Gísladóttir, Urður Njarðvík, Dagmar Kristín Hannesdóttir og Freyr Hannesson. (2014). Próffræðilegir eiginleikar íslenskrar þýðingar RCADS. *Sálfræðiritið – Tímarit Sálfræðingafélags Íslands*, 19, 71-80.
- Mathyssek, C. M., Olino, T. M., Hartman, C. A., Ormel, J., Verhulst, F. C. og Van Oort, F. V.A. (2013.). Does the Revised Child Anxiety And Depression Scale (RCADS) measure anxiety symptoms consistently across adolescence? The TRAILS study. *International Journal of Methods in Psychiatric Research*, 22(1), 27-35.
- Muris, P., Meesters, C. og Schouten, E. (2002). A brief questionnaire of DSM-IV-defined anxiety and depression symptoms among children. *Clinical Psychology and Psychotherapy*, 9, 430-442.
- Sandin, B., Chorot, P., Veliente, R.M. og Chorpita, B.F. (2010). Development of a 30-item version of the Revised Child Anxiety and Depression Scale. *Revista de Psicopatología y Psicología Clínica*, 15(3), 165-178.
- Southam-Gerow, M.A. og Chorpita, B.F. (2007). Anxiety in children and adolescents. Í E.J. Mash og R.A. Barkley (ritstjórar), *Assessment of Childhood Disorders* (bls. 347-397). New York: The Guilford Press.
- Starr, L.R. og Davila, J. (2012). Responding to anxiety with rumination and hopelessness: Mechanism of anxiety-depression symptom co-occurrence? *Cognitive Therapy Research*, 36(4), 321-337.
- Weiss, D.C. og Chorpita, B.F. (2011). Revised Children's Anxiety and Depression Scale: User's Guide. Sótt 2. febrúar, 2013 af <http://www.childfirst.ucla.edu/RCADSGuide20110202.pdf>